

## 4. gr.

Umsóknir skulu sendar viðkomandi umboðsmanni, í Reykjavík aðalskrifstofunni, sem framsendir síðan umsóknirnar ásamt athugasemdum sínum og meðmæli um aðalskrifstofunni til úrskurðar.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 12. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 og staðfestast hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar reglur nr. 197 27. nóv. 1961 um úthlutun örorkustyrkja.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. mars 1974.*

**Magnús Kjartansson.**

*Páll Sigurðsson.*

2. maí 1974.

Nr. 117.

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 48 frá 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið.

1. Bifreiðastöður verða bannaðar í Túngötu beggja vegna götunnar milli Suðurgötu og Garðastrætis.
2. Stöðvunarskylda verður við eftirfarandi gatnamót:
  - a) Á Breiðhöfða við Vesturlandsveg.
  - b) Á Höfðabakka við Vesturlandsveg að norðanverðu.
  - c) Á Gufunesvegi við Vesturlandsveg.
  - d) Á Draghálsi við Vesturlandsveg.
3. a) Vinstri beygjur verða bannaðar inn á og út af bensinstöð Esso við Vesturlandsveg.
- b) Innakstur á bensinstöðina verður bannaður að austanverðu á lóð hennar, en útakstur að vestanverðu.

Framangreindar reglur taka gildi 15. maí 1974.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 2. maí 1974.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

3. apríl 1974.

Nr. 118.

## AUGLÝSING

### um friðland í Melrækkaey.


Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Melrækkaey á Grundarfirði friðland.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Bannað er að fara í eyna án leyfis Náttúruverndarráðs eða umboðsmanns þess.
2. Skot eru bönnuð nær eyinni en 2 km og netalagnir  $\frac{1}{4}$  km frá stórstraumsfjörumáli.
3. Náttúruverndarráði er heimilt að leyfa nytjar æðarvarps og annarra hlunninda.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Felld eru úr gildi eldri ákvæði um friðun eyjarinnar.



Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með með skírskotun til 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Í menntamálaráðuneytinu, 3. apríl 1974.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Knútur Hallsson*